



Akureyri 27. apríl 2021

Kæru akademónar.

Ársfundur AkureyrarAkademíunnar (AkAk) 2021 verður haldinn fimmtudaginn 20. maí nk. kl. 20:00 í fundarsal KFUM/K í verslunarmiðstöðinni Sunnuhlíð 12, Akureyri. Gengið er upp tröppur að sunnanverðu og er salurinn á 2. hæð. Gætt verður í hvívetna að reglum um sóttvarnir og fjarlægðarmörk en í salnum er rúm fundaraðstaða.

Á dagskrá eru aðalfundarstörf samkvæmt 12. gr. [skipulagsskrár](#) AkAk:

1. Skýrsla stjórnar.
2. Endurskoðun reikninga.
3. Upptalning fulltrúa.
4. Kjör formanns og fulltrúaráðs.
5. Fjárhagsáætlun og árgjald.
6. Breytingar á skipulagsskrá.
7. Önnur mál.

Á fundinum mun Margrét Guðmundsdóttir sagnfræðingur jafnframt kynna verkefni sem hún hefur unnið að fyrir AkAk sem felur í sér yfirlit yfir verk sem háskólafólk og aðrir fræðimenn hafa unnið að á vettvangi AkAk frá stofnun Félags sjálfstætt starfandi fræðimanna á Norðurlandi árið 2006 og til þessa.

Ennfremur verða lögð fram drög að starfsstefnu AkAk í samræmi við 4. gr. skipulagsskrár til umræðu og samþykktar.

Árgjald vegna ársfundar 2021 er kr. 1.500 sem hefur borist í ykkar heimabanka. Með því að greiða árgjaldið gerist þið fulltrúar AkAk starfsárið 2021-2022. Vakin er athygli á að samkvæmt 5. gr. skipulagsskrár AkAk er atkvæðisréttur á ársfundi bundinn við þá sem greiða árgjald fyrir ársfund en fundurinn er engu að síður öllum opinn.

Við hjá AkureyrarAkademíunni þökkum fyrir samstarfið á árinu og vonumst til að sjá ykkur sem flest á ársfundi stofnunarinnar.

Bestu kveðjur

F.h. AkureyrarAkademíunnar

Steinunn A. Ólafsdóttir
Formaður stjórnar